



Umhverfisstefna

Við vitum að í krafti stærðar getum við haft áhrif til góðs. Við erum stöðugt að huga að úrbótum í okkar starfsemi til að minnka umhverfisáhrif – og trúum því að í samvinnu við viðskiptavini og þjónustuaðila getum við sífellt bætt okkur og byggt grænni framtíð.

ÞETTA ER OKKAR UMHVERFISSTEFNA:

Minnka matarsóun í allri aðfangakeðjunni – frá innkaupum og vörustýringu til sölu á matvöru sem er að renna út á tíma. Við hendum aldrei mat sem enn er neysluhæfur og flokkum í lífræna gáma þegar matvaran er ónýt.

Nota umhverfisvæna orkugjafa og 100% endurnýjanlega raforku. Við nýtum þá orku vel sem við þurfum og leitum sífellt leiða til að lágmarka orkunotkun eins og hægt er í allri okkar starfsemi.

Sýna ábyrgð í vali á umbúðum og sorpflokkun með því að bjóða umbúðalausar lausnir þegar hægt er og velja umhverfisvænar umbúðir fremur en aðrar. Við flokkum og endurvinnum allt plast og allan pappa sem til fellur í starfseminni.



Við sinnum eftirfylgni með því að nota umhverfisstjórnunarkerfið Klappir. Þetta kerfi veitir greiðan aðgang að upplýsingum, t.d. um orkunotkun og sorp-flokkun í öllum verslunum okkar. Markmiðið er að nýta Klappir sem okkar aðal-stjórnkerfi fyrir allar lykilupplýsingar í umhverfismálum. Við fylgjumst reglulega með mælanlegum markmiðum og sendum mánaðarlegar skýrslur til lykilstarfs-fólks Krónunnar.

Við gætum árlega að Svansvottun allra verslana okkar með því að ná viðmiðum og markmiðum Svansvottunar.




Hvað er Svansvottun?

Opinbert og vel þekkt umhverfismerki á Norðurlöndunum sem hefur m.a. með það markmið að lágmarka umhverfisleg áhrif á neyslu og framleiðslu vara.

MARKMIÐ OKKAR 2020 – 2024:

Minni matarsóun

- Við setjum okkur það markmið að minnka sóun í starfi okkar til næstu fjögurra ára. Mælikvarðiinn: Hlutfall skráðrar rýrnunar, að frádregnu seldu magni í minnkaðri matarsóun, deilt á heildarmagn selt.



- Við viljum auka hlutdeild lífræns sorps og pappa af heildarmagni sorps í okkar rekstri.

- Við ætlum að draga verulega úr vöruskilum til birgja með því að semja við birgja um þátttöku í **Síðasta séns** verkefninu. Markmiðið er að lækka hlutfall vöruskila af innkaupum um 10% á árinu 2021 frá fyrra ári. Við setjum okkur það markmið að lækka hlutfall vöruskila um 10% árlega til 2024.



Pssst ...

Í ár seldum við 65% af þeim vörum sem annars hefðu verið afskráðar vegna gæða. Við stefnum svo á að gera enn betur og auka þetta hlutfall næstu árin.


Umhverfisvænni orkugjafar

- Þegar við semjum um orkuviðskipti gerir Krónan kröfu um að raforka sé upprunavottuð sem græn og endurnýjanleg.
- Við setjum okkur það markmið að minnka orkunotkun á hvern fermetra með innleiðingu á LED lýsingu.
- Gera má ráð fyrir 40% orkusparnaði við innleiðingu á LED lýsingu í verslunar-rými ásamt baksvæðum og starfsmannarýmum.
- Við setjum okkur það markmið að allar verslanir hafi sér-mæla fyrir rými Krónu-verslana og að upplýsingar um orkunotkun allra verslana Krónunnar séu aðgengilegar í umhverfisstjórnunarkerfinu Klöppum fyrir lok árs 2021.
- Krónan setur sér þá stefnu að skipta yfir í lokaða kæla í öllum flokkum nema ávöxtum og grænmeti og kjötborðum. Sjá nánar í áætlun um skipti í lokaða kæla (í vinnslu).



FYRIR LOK 2022 VERÐA ALLAR VERSLANIR
KRÓNUNNAR MEÐ LED LÝSINGU

- Krónan hefur það markmið að verslanir verði búnar eins vistvænum kælikerfum og fánleg eru hverju sinni. Áhersla er lögð á vistvænni kælikerfi við opnun nýrra verslana. Krónan hefur það langtímamarkmið að færa öll freonkerfi yfir í vistvænni kælikerfi á komandi árum. Í dag eru 20% verslana Krónunnar með CO2 kælikerfi. Þar til öll freonkerfi hafa verið fjarlægð hyggjumst við nýta núverandi freonkerfi með umhverfisvænni hætti með því að hætta að nota freon 404 og nota þess í stað 407 og 449, sbr. áætlun um vistvæn útskipti.
- Við ætlum að fylgjast með freon-notkun og fá mælingar um hana inn í Klappir til eftirlits.
- Við förum vel með vatnsauðlindir og forðumst að nota vatnskæld kælikerfi. Í dag notar Krónan engin vatnskæld kælikerfi.
- Krónan hefur sett sér þá stefnu að skipta út flúor-lýsingu fyrir LED í öllum verslunum Krónunnar. Við þetta minnkar orkunotkun vegna lýsingar um 25-50%. Í dag eru 55% af heildarrými verslana lýst með LED lýsingu og við höfum sett okkur það markmið að ná öllu í LED fyrir árslok 2023. Sjá áætlun um flúor útskipti yfir í LED orku.
- Á skrifstofu Krónunnar er eingöngu notast við LED lýsingu.




Bílakostur

- Krónan er með 17 bifreiðar á sínum snærum. Engin þessara bifreiða er 100% rafbíll, ein bifreið er tvinnbíll. Við setjum okkur það markmið að 80% af þeim bílakosti sem félagið rekur, verði kominn yfir í rafmagns- eða tvinnbíla í lok árs 2022. Við stefnum að því að kaupa ekki bensínbíla eftir árið 2022.
- Rafhleðslustöðvar fyrir utan verslanir við Flatahraun og Norðurhelli.
- Rafhleðslustöðvar eru nú þegar við skrifstofur Krónunnar á Dalvegi.
- Krónan býður jafnframt upp á rafskutlu til afnota fyrir styttri snatt-ferðir fyrir starfsfólk á skrifstofu Krónunnar.

Umbúðir

Umbúðastefna Krónunnar endurspeglar í umbúða-píramídanum.



Umbúðalaust

Markmið okkar er að auka hlutfall umbúðalausra vara í vöruúrvali. Því er fyrsta skrefið alltaf að spyrja okkur hvort varan geti verið umbúðalaus – án þess að það auki líkur á matarsóun.

Umhverfisvænni

Við val á umbúðum veljum við umhverfisvænni kosti eins og hægt er hverju sinni. Við gerum þeim vörum hærra undir höfði og þær sýnilegri fyrir viðskiptavinum.

Endurnýta

Við viljum endurnýta fremur en að endurvinna. Við viljum efla endurnýtingu umbúða og hvetja til þess að umbúðir geti orðið fjölnota fremur en einnota.

Ný notkun

Við viljum helst sjá hráefnið nýttast áfram áður en við sendum það frá okkur til endurvinnslu. Í samstarfi við Plastplan finnum við nýja notkun fyrir plast sem fellur til í Krónunni á Granda.

Vissir þú að skiljurnar á afgreiðslukössum sem þú setur á milli þinna vara og næsta viðskiptavinar eru úr plasti sem féll til í Krónunni?

Pssst ...

Vissir þú að skiljurnar á afgreiðslukössum sem þú setur á milli þinna vara og næsta viðskiptavinar eru úr plasti sem féll til í Krónunni?



Flokka og endurvinna

Við flokkum allt plast, pappa og lífrænan úrgang.

Vissir þú að allt plast sem fellur til í starfsemi Krónunnar er endurunnið á Íslandi í samstarfi við Pure North og Plastplan?



MARKMIÐ OKKAR 2021-2024

- Krónan nái saman upplýsingum um allar vörur Krónunnar fyrir lok 2022 sem lýsi því hvernig flokka eigi umbúðirnar sem þær eru í.

• **Kjötborð Krónunnar hætti notkun frauðbakka fyrir lok árs 2021.**

- Hlutfall endurnýtanlegra umbúða verði aukið í samstarfi við birgja.

- Sameiginlegur bílafloti fyrirtækisins verði 100% rafbílar.

• **Hefja verkefnið; að kolefnisjafna innkaupakörfuna.**

- Miðla flokkunarupplýsingum í Snjallverslun.

- **Halda áfram að minnka plastumbúðir sem við seljum,** samtals við birgja/framleiðendur og upplýst val þegar vara fer í vöruval. Setjum okkur markmið um fjölda vörunúmera í grænmeti og ávöxtum í plasti.

• **Þjóða umbúðalaus snyrtivöru árið 2021.**

- Fara í samstarf við birgja um fjölnota umbúðir.
- Rafræn reikningsviðskipti í Krónunni – koma í framkvæmd 2021.

- Getum tiltekið áætlaðan fjölda Europool kassa sem verða í umferð 2020 og það magn af pappa sem sparast vegna þess (u.þ.b. 360þ).

- Birta markmið um endurvinnslu hlutfall til næstu fjögurra ára.

• **Endurvinnna allt plast sem fellur til í samstarfi við Pure North.**

- Hefja sjálfbærnimat birgja árið 2021.